

Jóns Steinars Gunnlaugssonar hæstaréttarlögmanns, skipaðs verjanda síns, krónur 25.000,00.

Dómi ber að fullnægja með aðför að lögum.

---

Miðvikudaginn 10. febrúar 1988.  
 Nr. 25/1988. **Menntamálaráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs**  
 gegn  
**Þrotabúi Byggingafélagsins**  
**Reynis hf.**

Kærumál. Úrskurður um að mál skuli hafið felldur úr gildi.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Bjarni K. Bjarnason og Hrafn Bragason.

Sóknaraðilar kærðu 18. janúar 1988 með heimild í 21. gr. 1. mgr. 1. tl. b og 2. tl. laga nr. 75/1973 til Hæstaréttar úrskurð skiptaréttar Reykjavíkur 12 s.m. um að hefja ex officio skiptaréttarmál nr. 28/1984. Þeir krefjast þess að úrskurðinum verði hrundið og að lagt verði fyrir skiptaráðanda að taka málið nú þegar til efnisúrlausnar. Ekki er gerð krafa um kærumálskostnað.

Varnaraðili hefur ekki gert kröfur eða skilað greinargerð.

Sóknaraðilar lýstu á sínum tíma kröfum í þrotabú það, sem er varnaraðili máls þessa. Þá var til meðferðar á bæjarþingi mál, sem byggingafélagið hafði höfðað gegn sóknaraðilum. Það ágreiningsmál var flutt í skiptarétti, en vísað tvívegis frá dómi þar og þá enn höfðað bæjarþingsmál, nú í þrotabúsins nafni. Er ekki fram komið að því bæjarþingsmáli sé lokið. Eftir 32. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978 mega sóknaraðilar draga frá skuld eftir hugsanlegum bæjarþingsdómi það, sem þeir eiga hjá þrotabúinu. Að lögum er þeim þó ekki skylt að leggja það í úrlausn bæjarþingsins, hve mikið það

er, en þeir eiga hins vegar rétt á að skiptaréttur taki um það ákvörðun eftir 16. kafla laga nr. 6/1978.

Eftir þessu ber að fella hinn kærða úrskurð úr gildi.

### D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur.

### Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 12. janúar 1988.

#### I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar hinn 18. desember 1987.

Með úrskurði réttarins uppkveðnum 25. apríl 1984 var bú Byggingafélagsins Reynis hf., Reykjavík, tekið til gjaldprotaskipta. Hefur skiptarándandi frá upphafi farið sjálfur með málefni búsins. Innköllun til skuldheimtumanna birtist fyrra sinni í Lögbirtingablaði, sem út kom hinn 11. maí 1984. Á síðasta degi kröfulýsingarfrests lýsti sóknaraðili máls þessa kröfu í búið, samtals að fjárhæð kr. 10.618.511,00 auk vaxta frá upphafsdegi skipta til skiptaloka. Er sú grein gerð fyrir kröfu þessari í kröfulýsingu, að hún eigi rót að rekja til viðskipta ríkisins við hið gjaldþrota félag um byggingu svonefnds Hugvísindahúss Háskóla Íslands og málshöfðunar sem hið gjaldþrota félag hafði efnt til síðla árs 1982 vegna þeirra viðskipta. Var kröfunni lýst í búið sem almennri kröfu.

Þegar búið var tekið til skipta hafði þegar höfðað mál fyrir bæjarþingi Reykjavíkur á hendur sóknaraðiljum þessa máls vegna ágreinings um uppgjör vegna verksamnings um áðurnefnda húsbyggingu. Á fyrsta skiptafundi í búið var gert samkomulag milli málsaðilja um að bæjarþingsmálið skyldi hafið og málið flutt í óbreyttu horfi til meðferðar hér fyrir rétti og að um kröfur ríkissjóðs í búið yrði í því máli fjallað sem gagnsök. Var þetta gert og málið þingfest í skiptarétti Reykjavíkur 14. nóvember 1984 og var þrotabúið sóknaraðili þess en menntamálaráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs varnaraðiljar. Gagnsökin var síðan þingfest í réttinum 21. sama mánaðar.

Með úrskurði réttarins uppkveðnum 26. apríl 1985 var aðalsök málsins vísað frá dómi vegna annmarka á málatilbúnaði og málsreifun. Þeim úrskurði var ekki skotið til Hæstaréttar. Ekki hefur hins vegar verið leyst úr gagnsök málsins. Teljast menntamálaráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs því nú vera sóknaraðiljar málsins, en þrotabú Byggingafélagsins Reynis hf. varnaraðili.

Af hálfu þrotabúsins hefur verið skilað greinargerð í máli þessu og þess þar krafist, að öllum kröfum sóknaraðilja verði hafnað.

Hvórir tveggja málsaðilja hafa krafist málskostnaðar í málinu úr hendi gagnaðilja.

Pórólfur Kristján Beck hæstaréttarlögmaður fékk á fyrsta skiptafundi í þrotabúinu heimild til að reka áfram á eigin áhættu og kostnað bæjarþingsmál það, sem áður var rakið. Eftir að því máli hafði verið vísað frá skiptaréttinum tvívegis vegna annmarka á málatilbúnaði og málsreifun hefur lögmaðurinn nú höfðað mál fyrir bæjarþingi Reykjavíkur til heimtu umræddrar kröfu þrotabúsins á hendur sóknaraðiljum máls þessa. Er því nú komin upp sú staða, að mál hefur verið höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur til heimtu þeirrar kröfu, sem upphaflega var fjallað um í aðalsök þessa máls, en gagnsök þessa máls, sem varðar kröfur stefndu í bæjarþingsmálinu út af sömu lögskiptum og þeim sem bæjarþingsmálið tekur til, er til meðferðar hér fyrir réttinum.

Víðleitni dómarans til að setta málsaðilja hefur engan árangur borið.

Með auglýsingu sem birtist í Lögbirtingablaði, sem út kom 26. ágúst 1987 boðaði skiptaráðandi til skiptafundar í þrotabúi Byggingafélagsins Reynis hf. til að gera grein fyrir stöðu málaferla búsins á hendur ríkissjóði vegna byggingar Hugvísindahúss Háskóla Íslands og til að taka ákvörðun um framhald skiptameðferðar á búinu.

Á þeim skiptafundi lýsti skiptaráðandi því viðhorfi sínu, að tímabært væri að ljúka skiptum á þrotabúinu með úthlutun eigna þess upp í viðurkenndar forgangskröfur, en ljóst væri að engar eignir væru í búinu til úthlutunar upp í almennar kröfur. Ef bæjarþingsmálið gegn ríkissjóði ynnist, mætti endurupptaka skiptameðferðina og úthluta þeim eignum, sem þannig bættust búinu. Heimild til slíkrar málsmeðferðar er í 126. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Af hálfu sóknaraðilja máls þessa var mætt á skiptafundinum og þessu viðhorfi mótmælt. Vakti sóknaraðili athygli á því, að meðferð þessa máls væri ólokið og að ekki væri tímabært að ljúka skiptameðferð búsins fyrr en meðferð ágreiningsmáls þessa væri lokið. Féllst skiptaráðandi á þessa skoðun sóknaraðilja. Samdægurs þingaði skiptaráðandi í þessu máli og beindi því til sóknaraðilja að hann tjáði sig um formhlið þess, þ.e. hvort ástæða væri til að hefja málið í ljósi þess að nýtt mál hafi verið höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur vegna umræddrar kröfu þrotabúsins og sóknaraðiljar þessa máls geti í því máli komið að öllum þeim kröfum og málsástæðum, sem þeir hafi sett fram í þessu máli, sem sýknuástæðum.

Sóknaraðiljar hafa í skriflegri greinargerð af þessu tilefni gert grein fyrir þeirri skoðun sinni, að ekki geti komið til mála að fella meðferð þessa máls niður. Telja þeir að samkvæmt reglum um litispendens áhrif þingfestingar og reglum um lögsögu skiptaréttar um úrlausn krafna á hendur þrotabúi muni þær kröfur, sem ríkissjóður lýsti í þrotabúið ekki komast að sem

gagnkrafa í hinu nýja bæjarþingsmáli. Gildi þá einu hvort hún sé sett fram til skuldajafnaðar eða til sjálfstæðs dóms.

Sóknaraðiljar benda á að bæjarþing Reykjavíkur sé dómstóll hliðsettur skiptarétti Reykjavíkur. Ætla megi að hér hafi móttaka kröfulýsingar við skiptarétt Reykjavíkur sömu áhrif að þessu leyti og þingfesting máls fyrir bæjarþingi. Meðan skiptaréttur Reykjavíkur hafi kröfuna til umfjöllunar, hljóti þeirri sömu kröfu að verða tafarlaust vísað frá bæjarþingi Reykjavíkur. Sé alveg ljóst að allar kröfur ríkissjóðs á hendur þrotabúinu hafi komið fram í umræddri kröfulýsingu, en ekki sé um að ræða neinar aðrar kröfur, sem hægt sé að koma að fyrir bæjarþingi Reykjavíkur. Kröfum sóknaraðilja í þessu máli hafi verið mótmælt. Sé því vandséð hvernig bæjarþing Reykjavíkur geti leyst úr réttmæti krafna sóknaraðilja í búid og þar með tekið afstöðu til atriða, sem ótvírætt heyri undir valdsvið skiptaréttar að leysa úr.

Af hálfu þrotabúsins hafa ekki verið gerðar sjálfstæðar kröfur í þessum þætti málsins.

## II.

Við skiptameðferð þrotabús Byggingafélagsins Reynis hf. hefur verið tekin formlega afstaða til allra þeirra krafna, sem til álita gátu komið sem forgangskröfur. Hins vegar hefur ekki verið tekin afstaða til annarra krafna, þar sem ljóst þykir að ekkert muni koma upp í slíkar kröfur nema umrætt bæjarþingsmál á hendur ríkissjóði vinnist. Hefur enginn kröfuhafa í búinu gert athugasemdir vegna þeirrar málsmeðferðar, ef ágreiningsefni þessa máls er frátalið.

Samkvæmt meginreglu 32. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978 getur hver sá, er skuldar þrotabúi, dregið frá það, er hann á hjá því, hvernig sem skuld og gagnkröfu er farið. Frá þessari reglu eru að vísu nokkrar undantekningar, en þær eiga ekki við hér.

Sýnt þykir að við meðferð dómsmáls þess, sem nú hefur verið höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur til heimtu á umræddri kröfu þrotabúsins á hendur sóknaraðiljum máls þessa, geti stefndu í því máli í skjóli þessa lagaákvæðis borið fram sem sýknuástæður allar þær kröfur og málsástæður, sem settar eru fram í kröfugerð þeirra í þessu máli, verði þetta sérstaka skiptaréttarmál hafið. Getur úrlausn skiptaréttar um kröfur sóknaraðilja í þessu máli því eins og hér stendur á ekki þjónað öðrum tilgangi en þeim að verða álitserð um lögfræðileg efni, sem jafnframt yrði þá bindandi dómsúrlausn um gagnkröfur í máli, sem rekið er fyrir öðrum dómstóli. Er slík málsmeðferð andstæð meginreglum réttarfars, sbr. 67. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936. Að vísu getur hinn almenni dómstóll í héraði ekki fjallað um gagnkröfur stefndu í slíku máli sem gagnsök

til sjálfstæðs dóms, þar sem slíkar kröfur á að bera upp við skiptaráðanda í viðkomandi búí, en hinn almenni dómstóll hefur frjálst sönnunarmat um þær sem sýknuástæður. Sóknaraðili máls þessa hefur enga hagsmuni af því að fá úr því skorið, hvort hann eigi hærri kröfur á hendur búinu vegna umræddra lögskipta heldur en búíð kann að eiga á hendur honum, þar sem sýnt er að hann muni við þær aðstæður ekkert hljóta upp í slíka kröfu við skipti þrotabúsins.

Samkvæmt því sem nú hefur verið rakið er það niðurstaða máls þessa, að sóknaraðiljar hafi ekki lögvarða hagsmuni af frekari meðferð máls þessa hér fyrir rétti og verður því málið hafið ex officio.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Ragnar Halldór Hall borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

#### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Mál þetta er hafið ex officio.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 11. febrúar 1988.

Nr. 331/1986. **Hf. Eimskipafélag Íslands**  
(Pétur Guðmundsson hrl.)  
gegn

**Hagtryggingu hf.**  
(Helgi V. Jónsson hrl.)

Verktrygging. Samningar. Túlkun. Sératkvæði.

#### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. desember 1986. Hann krefst greiðslu á 406.805,83 krónum með vöxtum sem séu 1% lægri en víxilvextir Landsbanka Íslands á hverjum tíma frá 27. ágúst 1985 til dómsuppsögudags, en með dómvöxtum frá